

Subbukallar til sölu

Út er komin rafbókin Subbuskapur og sóðarít, sem unnin er upp úr samnefndri bloggsíðu sem haldið var úti í rúmlega tvo mánuði fyrr á árinu. Í bókinni fjalla fjórtán karlar um bókmenntir og bókatengd hugðarefni sín, sögu og samtíma, stjórnmál, lestur, popp og klassík, um harm og fjör og fleira.

Meðal höfunda eru Eiríkur Örn Norðdahl, Guðmundur Andri Thorsson, Haukur Már Helgason, Hermann Stefánsson, Jón Karl Helgason, Þórarinn Leifsson, Þróstur Helgason og Ævar Örn Jósepsson.

Rafbókinni má hala niður á tölvutæku formi í þremur gerðum á vefslóðinni subbukallar.blogspot.com



HERMANN STEFÁNSSON Forsprakki subbukallanna, sem gefið hafa út rafbók.

en kaupverðið er háð samvisku lesandans og skal leggjast inn á reikningsnúmer sem gefið er upp á síðunni.

Þrjár sýningar í Listasafni ASÍ

Þrjár myndlistarsýningar úr sýningarverkefninu verða opnaðar í Listasafni ASÍ á laugardag. Allar eru hluti af verkefninu (I)ndependent People á Listahátíð í Reykjavík.

Í Ásmundarsal opnar Rúrí sýninguna Kortlagningu framtíðar. Þar hefur hún í samvinnu við Gunnlaug M. Einarsson landfræðing dregið upp landakort sem varða framtíðina og byggja á spám um yfirvofandi breytingar á lögun landa.

Í Arinstofu verður sýning samstarfsverkefnisins IS-98, sem nefnist A View from the Other Side. Kvikmynd skráir hrörnun fiskmarkaðar í Turku í teiknaðri mynd. Verkinu er ætlað að vera spegilmynd af þeim breytingum sem eru að eiga sér stað í Norður-Evrópu.

Í Gryfjunni frumsýnir Wooloo heimildarmyndina New Life Horbelev. Myndin lýsir viðbrögðum íbúa



RÚRÍ Hefur unnið landakort í samvinnu við Gunnlaug M. Einarsson sem byggja á spám um yfirvofandi breytingar á lögun landa.

smábæjar í Danmörku þegar listamennirnir fengu þá til að gera sameiginlegan skúlptúr úr sjónvarpstækjum sínum. Sýningarnar verða opnaðar klukkan 16.

NÝTT KORTATÍMABIL
Opið í dag frá kl. 13 til 18

Sprengidagur

25% AFSLÁTTUR

af öllum vörum

20% AFSLÁTTUR AF SNYRTIVÖRUM

 Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI



HILDUR GUÐNADÓTTIR Sellóleikari og tónskáld sendir frá sér plötuna Leyfðu ljósinu.

Hildur Guðna leyfir ljósinu

Platan Leyfðu ljósinu eftir Hildi Guðnadóttur sellóleikara og tónskáld kemur í verslanir í dag.

Leyfðu ljósinu er tónverk sem tekið var upp í Music Research Centre við Háskólann í York síðastliðinn janúar af Tony Myatt. Ekkert var átt við upptökurnar eftir flutninginn. Platan kemur út á vegum útgáfufélagsins Touch og er einnig fáanleg á rafrænu formi hjá touchshop.org.

Hildur Guðnadóttir býr í Berlín en undanfarin ár hefur hún unnið með ýmsum tónskáldum og listamönnum, þar á meðal múm, Stórsveit Nix Nolte, Skúla Sværissyni, Jóhanni Jóhannssyni, Valgeiri Sigurðssyni og fleirum.



MYND, LÍKAMI, TREGI Sýningu Antoni Tàpies lýkur á sunnudag.

Tàpies senn að ljúka

Nú eru síðustu forvöð að berja augum sýninguna Antoni Tàpies – Mynd, líkami, tregi á Kjarvalsstöðum, en henni lýkur á sunnudag.

Á sýningunni getur að líta málverk frá rúmlega sjö áratuga ferli spænska listamannsins Antoni Tàpies. Tàpies var Katalóníumaður, fæddur í Barcelona árið 1923 en hann lést fyrr á árinu, þá 88 ára að aldri. Sýningin á Kjarvalsstöðum er sú fyrsta sem opnuð er eftir andlát hans.

Sýningin hefur hlotið góðar undirtektir og ástæða til að hvetja listunnendur að láta tækifærið til að sjá verk þessa heimsfræga listamanns ekki fram hjá sér fara.

Sýningin er opin daglega frá klukkan 10 til 17.